

Alþingi
b.t. Birgis Ármannssonar,
formanns undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörgagna

Kæra til Alþingis

Efni: Kæra til Alþingis vegna endurtalningar atkvæða í Norðvesturkjördæmi 26. september 2021 vegna Alþingiskosninganna 25. september 2021.

Hér með kærir undirritaður til Alþingis með vísan til 46. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og 1. mgr. 120. gr. laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis, sbr. og 2. mgr. 1. gr. og 5. gr laga nr. 55/1991 um þingsköp Alþingis lögbrot við framkvæmd talningar yfirkjörstjórnar á greiddum atkvæðum í Norðvesturkjördæmi við Alþingiskosningarnar 25. september sl. og í framhaldi af því útgáfu yfirkjörstjórnar kjördæmisins á niðurstöðum talningar til landskjörstjórnar, sem byggðust á ólögmati talningu, eins og nánar er greint frá hér að neðan. Kæran er einnig send til dómsmálaráðuneytisins með vísan til 118. gr. laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis.

Kröfugerð

Þess er krafist að lokatölur Norðvesturkjördæmis, eins og þær voru tilkynntar laust upp úr kl. 7 að morgni sunnudagsins 26. september sbr. tilkynningu formanns yfirkjörstjórnar, Inga Tryggvasonar, verði látnar standa sem endanlegar lokatölur úr kjördæminu.

Þá er þess krafist að Alþingi úrskurði að kjörbréf Bergþórs Ólasonar, Gísla Rafns Ólafssonar, Guðbrands Einarssonar, Jóhanns Páls Jóhannssonar og Orra Páls Jóhannssonar séu ógild og að gefin verði út ný kjörbréf af landskjörstjórn til Guðmundar Gunnarssonar, Hólmi Friðar Árnadóttur, Karls Gauta Hjaltasonar, Lenya Rúnar Talía Karim og Rósu Bjarkar Brynjólfsdóttur.

Málavextir

Málavextir eru þeir að eftir að talningu lauk að morgni sunnudagsins 26. september s.l. í Norðvesturkjördæmi (hér eftir NV eða kjördæmið í viðeigandi beygingarmynd) kom formaður yfirkjörstjórnar fram í fjölmiðlum og las upp og tilkynnti lokatölur

þess. Áður var búið að tilkynna lokatölur nokkurra kjördæma og litlu síðar voru tilkynntar lokatölur þeirra kjördæma sem eftir voru. Þeir einstaklingar, sem hlutu kjör sem alþingmenn samkvæmt tilkynntum lokatölum allra kjördæma voru margsinnis tilgreindir í fjölmiðlum allan þann dag.

Fundi yfirkjörstjórnar NV var eftir tilkynningu lokatalna laust upp úr kl. 7 að morgni 26. september sl. frestað til kl. 13:00 þann sama dag. Þá liggur fyrir að formaður yfirkjörstjórnar í NV átti samtali við formann landskjörstjórnar fyrir hádegi 26. september. Í framhaldi af því samtali ákvað formaður yfirkjörstjórnar upp á eigin spýtur, án kröfu frá nokkrum bærum aðila og án nokkurrar lagaheimildar að telja öll greidd atkvæði í kjördæminu á nýjan leik.

Samanburður lokatalna NV, sem kynntar voru sem slíkar að morgni 26. september og þeirra talna sem birtar voru eftir endurtalningu ákvarðaða af formanni vekja upp fjölmargar spurningar um hvernig staðið var að málum við talningu og meðhöndlun atkvæða í NV. Þetta á ekki síst við í ljósi þess að formaður yfirkjörstjórnar NV hefur staðfest m.a. í fjölmiðlum og gagnvart landskjörstjórn að ekki var gengið frá greiddum atkvæðum í samræmi við 104. gr. kosningalaga að talningu lokinni. Upplýst er í málinu að eftir að lokatölur eru tilkynntar að morgni 26. september hófst atburðarás sem á sér enga stoð í lögum. Getur sú lögleysa sem staðfest er að átti sér stað ekki ákvarðað niðurstöðu alþingiskosninga. Aðbúnaður kjörgagna var ekki í neinu samræmi við það sem lög bjóða. Endurtalningin sjálf styðst ekki við neinn lagabókstaf. Sú atburðarás sem átti sér stað í NV eftir að lokatölur voru tilkynntar árla morguns 26. september sl. er því að engu hafandi og útilokað að það sem fram fór geti verið lagt til grundvallar niðurstöðu í lýðræðislegum kosningum.

Undirritaður kærði meðhöndlun kjörgagna yfirkjörstjórnar til lögreglu mánudaginn 27. september og krafist nánari skýringa hjá yfirkjörstjórn NV eins og kosningalög leyfa. Engin viðbrögð hafa borist frá lögreglu en undirritaður fékk afrit af lokaskýrslu frá yfirkjörstjórn NV. Í þeirri skýrslu segir; „*Talningu atkvæða lauk um kl. 07:15 og talningarfólk yfirgaf þá staðinn.*“

Einnig kemur eftirfarandi fram í lokaskýrslunni: „*Fundi var frestað kl. 07:35 og ákveðið að honum yrði framhaldið kl. 13:00.*“ Fyrir liggur því yfirlýsing yfirkjörstjórnar NV um að talningu hafi lokið á tilteknum tíma. Skv. lögum hefði þá þegar átt að ganga frá kjörgögnum eins og lög kveða skýrt á um, sbr. 104. gr. kosningalaga. Þetta var ekki gert heldur upphófst röð atburða sem á sér enga lagastoð og engin fordæmi eru til um. Fyrir liggur að kosningalög voru þverbrotin í fjölmörgum mikilvægum þáttum. Það er mat undirritaðs að sú röð atburða sem átti sér stað eftir að talningu er formlega

lokið snemma að morgni sunnudagsins 26. september sé að engu hafandi og með engu móti hægt að styðjast við meinta niðurstöðu þess ferils. Geðþóttaákvörðanir við slíkar aðstæður eiga sér enga lagastoð. Á þeim grunni er þess krafist að Alþingi Íslendinga ákveði að lokatölur eins og þær voru tilkynntar með formlegum hætti að morgni 26. september 2021 séu hinar einu réttu og marktæku tölur sem geta legið til grundvallar niðurstöðu úr kosningum í kjördæminu.

Fram hefur komið að alvarlegir misbrestir voru á geymslu kjörgagna í kjördæminu eftir að yfirkjörstjórn yfirgaf talningasal að morgni sunnudags 26. september sl. Þá liggja fyrir áreiðanlegar upplýsingar um að kosningalög hafi verið brotin á fleiri þáttum þetta síðdegi, svo sem boðun og skipun umboðsmanna, umgengni einstakra kjörstjórnarmanna um óinnsiglið kjörgögn og undirskriftir í gerðabók yfirkjörstjórnar. Loks eru vísbendingar um að fleiri alvarlegir misbrestir hafi verið til staðar og er þar helst að nefna misræmi milli bókana í gerðabók og frásagna einstakra kjörstjórnarmanna um atburðarrás um hádegisbil á sunnudeginum og meintrar neitunar á undirritun einstakra kjörstjórnarmanna á fundargerð í gerðabók yfirkjörstjórnar. Þá þætti, sem ekki eru að fullu ljósir, þarf að upplýsa til hlítar.

Undirritaður telur, í ljósi ofangreinds og hugsanlega fleiri atriða, mikilvægt að beðið sé niðurstöðu rannsóknar lögreglu í málinu en undirritaður kærði niðurstöðu kosninganna eins og fyrr segir hinn 27. september sl. Í þeirri niðurstöðu kunna að koma fram mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að liggi fyrir áður en kjörbrefanefnd lýkur störfum og leggur tillögur sínar fyrir Alþingi.

Samantekt á ágöllum yfirkjörstjórnar á kjörgögnum

Kjörgögnin lágu óinnsiglið í talningasalnum í nokkra klukkutíma

Áskilið er í kosningalögum, t.d. í 104. gr. og í fjölmörgum öðrum ákvæðum að atkvæðaseðlar, kjörgögn og kjörkassar skuli vera innsiglaðir. Fyrir liggur að eftir að fundi yfirkjörstjórnar NV var frestað kl. 7:35 á sunnudagsmorgni var ekki gengið frá kjörgögnum eins og lög gera ráð fyrir og rakið hefur verið hér að ofan.

Skylda til að innsigla kjörgögn liggur sem rauður þráður í kosningalögum. Tilgangurinn er augljós: Að hvergi myndist vafi um áreiðanleika gagnanna, þegar gögnin eru geymd eða þau eru send milli staða. Umboðsmönnum framboða er ávallt heimilt að setja sitt eigið innsigli á kjörgögn í þeim tilgangi að viðkomandi umboðsmaður geti treyst því að enginn hafi hreyft við gögnunum þar til hann eða sá

sem tekur næst við þeim geti fullvissað sig um að ekki sé möguleiki á að átt hafi verið við gögnin.

Komið hefur í ljós og er bæði staðfest og viðurkennt að eftir að yfirkjörstjórn NV gaf út lokatölur að morgni sunnudagsins 26. september sl. lágu kjörgögnin óinnsiglið á við og dreif í talningarsalnum á hótelinu í Borgarnesi. Hvorki gögnin né salurinn voru innsiglið. Fram kemur í fundargerð að formaður yfirkjörstjórnar mætti aftur á staðinn nokkrum klukkutímum síðar, kl. 11.46. Næsti maður á staðinn kom kl. 12.15. Svo virðist sem salurinn hafi haft nokkra innganga, sem ekki voru allir læstir, en að þeim inngangi sem sagt var að hefði verið læst, hafði ótilgreindur fjöldi starfsmanna hótelsins lykla og óheftan aðgang. Einungis virðist hafa verið öryggismyndavél við einn af þessum inngöngum.

Einn kjörstjórnarmaður með óinnsigliðum kjörgögnum

Eftir að talningu lauk um morguninn og lokatölur voru lesnar upp var fundi yfirkjörstjórnar frestað til kl. 13:00. Samt sem áður er nú ljóst að formaður yfirkjörstjórnar mætti rúmum klukkutíma áður (kl. 11.46) og var þá einn innan um óinnsiglið kjörgögnin í nánast hálf klukkustund, sem er í beinni andstöðu við skýr ákvæði kosningalaga, sbr. hér til hliðsjónar 71. gr. Síðar komu fleiri starfsmenn og loks kl. 13:00 kom öll yfirkjörstjórnin saman.

Umboðsmenn

Ljóst er að ekki voru umboðsmenn allra framboðslista í kjördæminu mættir á talningarstað þegar yfirkjörstjórnin kom aftur saman og svo virðist sem alvarlegir ágallar hafi verið á boðun þeirra. Þá voru þeim framboðslistum, sem ekki sendu umboðsmenn, ekki skipaðir slíkir eins og skýrt er áskilið í 2. mgr. 98. gr. kosningalaga. Slíkur ágalli var talinn vera verulegur annmarki á framkvæmd við talningu atkvæða í dómi hæstaréttar hinn 25. janúar 2011.

Gerðabók

Ljóst er að gerðabók yfirkjörstjórnar var ekki undirrituð af yfirkjörstjórn, eins og sést á ljósritum úr henni, eins og áskilið er í kosningalögum, sbr. t.d. 72. gr. og 2. mgr. 95. gr. laganna. Þá vekur sérstaka athygli að engar bókanir eru í fundargerðum yfirkjörstjórnarinnar. Víða í kosningalögum er það eitt af grundvallarréttindum umboðsmanna að fá skráðar athugasemdir í gerðabók, ef þeir hafa einhverjar og mun vera mjög algengt. Í því ljósi er nauðsynlegt að fá samskipti þeirra og yfirkjörstjórnarinnar upplýst. Í þessu sambandi er rétt að benda á skýlausan rétt umboðsmanna til bókana, eins og kemur t.d. fram í 3. mgr. 94. gr. kosningalaga.

Misræmi milli frásagnar og bókunar í gerðabók

Af fréttum¹ að dæma er haft eftir ónafngreindum heimildarmanni að þegar kjörstjórnarmenn hafi mætt til fundar kl. 13:00 (eins og boðað var) og áður en fundur hafi verið settur hafi meðhöndlun atkvæða verið hafin, eins og það er orðað. Fundargerð greinir öðruvísi frá. Þá er haft eftir sama heimildarmanni að ekki hafi verið eining meðal kjörstjórnarinnar um endurtalninguna og hluti kjörstjórnarmanna hafi neitað að undirrita fundargerðina síðdegis á sunnudeginum. Upplýsa þarf um sannleiksgildi þeirrar frásagnar. Nauðsynlegt er að upplýsa nákvæmlega hver atburðarásin var í þessu tilfalli.

Úrskurðir um atkvæði

Niðurstöður talningarinnar í NV eftir hádegi sunnudaginn 26. september s.l. benda til þess að yfirkjörstjórnin hafi þetta síðdegi þurft að úrskurða um vafaatkvæði, t.d. þegar horft er til þess að auðum seðlum fækkaði um 12 og ógildum fjölgaði um 11 auk þess sem atkvæðafjöldi allra framboða breyttust. Skýrt er kveðið á um það í kosningalögum, sbr. 1. mgr. 103. gr. að kjörstjórn skuli úrskurða um vafaatkvæði jafnóðum og er þetta ákvæði sett til þess að forðast þá aðstöðu að taka slíkar ákvarðanir á lokametrum talningar, ekki síst þegar fyrir liggur að hvert atkvæði getur skipt höfuðmáli um úrslitin. Ljóst er að hér er um enn einn alvarlegan annmarka á framkvæmd talningarinnar að ræða, ekki síst í ljósi þess að umboðsmenn voru ekki boðaðir, skipaðir eða mættir á talningarstað. Að auki er með öllu óskiljanlegt hvernig heildarfjöldi greiddra atkvæða gat breyst á milli talninga.

Afstaða landskjörstjórnar

Landskjörstjórn hefur ekki valdheimildir til að breyta niðurstöðum sem yfirkjörstjórnir senda henni. Er landskjörstjórn því nauðugur einn sá kostur að senda niðurstöður til Alþingis til úrskurðar í þeirri mynd sem þær bárust landskjörstjórn frá yfirkjörstjórnnum. Í bókunum landskjörstjórnar er þrátt fyrir þetta að finna mikilvægar vísbendingar um alvarleika atburðanna sem áttu sér stað í NV eftir að fundi var frestað um morguninn.

¹ Sjá frétt: <https://www.dv.is/eyjan/2021/09/30/kjorgogn-medhondlud-adur-en-kjorstjorn-var-oll-maett-buid-ad-upplysa-logreglu/>

Bókanir landskjörstjórnar

Bæði í bókun landskjörstjórnar hinn 28. september og aftur 1. október 2021 segir um frágang kjörgagna í NV: „Að mati landskjörstjórnar hefur ekki borist staðfesting frá yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis á að meðferð og varðveisla kjörgagna á talningarstað í kjördæminu hafi verið fullnægjandi.“

Yfirlýsingar formanns landskjörstjórnar

Þá er rétt að benda á yfirlýsingar formanns landskjörstjórnar í fjölmiðlum:

„Þetta er bagalegt mál, þetta er mjög óheppilegt. Trúverðugleiki kosninga er náttúrulega gífurlega mikilvægur.“²

„Það hefur ekki verið ákveðið endanlega hvað verður gert næst. Við tókum núna eitt skref í einu, förum yfir stöðuna mjög reglulega, óskum eftir upplýsingum og viljum fá að vita hvað gerðist, hvað raunverulega fór úrskedið og tókum ákvarðanir á grundvelli þess og eins og ég segi er afar mikilvægt að það ríki traust um kosningarnar hjá öllum.“³

„Sömu reglur gilda um endurtalningu og upprunalega talningu, það er að umboðsmenn eiga þess kost að vera viðstaddir. Svo eru ströng skilyrði í lögum um hvernig meðferð kjörgagna er háttáð. Ef skilyrði eru uppfyllt þá eru það löglegt.“ (leturbr. kæranda).

(Spurning blaðamanns) Voru þessi skilyrði uppfyllt?

„Það er mat hvernar yfirkjörstjórnar hvort skilyrðin séu uppfyllt.“

(Spurning blaðamanns) Er hægt að treysta endurtalningu þegar kjörgögn hafa ekki verið geymd á réttan hátt?

„Það er ástæða fyrir því að kveðið sé á um það í lögum að innsigla skuli kjörgögn. Það er til að það sé hafið yfir allan vafa að það hafi ekki verið átt við kjörgögn. Ef það er einhver vafi á því að átt hafi verið við kjörgögnin í millitíðinni þá segir það sig sjálf að það dregur úr trúverðugleika á endurtalningu.“⁴ (leturbr. kæranda).

² Sjá frétt: <https://www.frettabladid.is/frettir/viljum-fa-ad-vita-hvad-gerdist/>

³ Sjá frétt: <https://www.frettabladid.is/frettir/viljum-fa-ad-vita-hvad-gerdist/>

⁴ Sjá frétt: <https://www.frettabladid.is/frettir/viljum-fa-ad-vita-hvad-gerdist/>

Ef litid er til yfirlýsinga formanns landskjörstjórnar og eins og mál þetta er vaxið þá blasir við að endurtalning sú er fór fram í NV nýtur einskis trúverðugleika. Einnig kemur það skýrt fram að það þarf að fara með kjörgögn eftir því sem lög kveða á um. Sé það ekki gert þá er talning ólögleg. Ekki er með nokkrum hætti hægt að sjá annað en að sú talning sem átti sér stað eftir hádegi 26. september sl. sé lögleysa og niðurstöður hennar að engu hafandi vegna ólögætrar meðferðar kjörgagna. Slíkt er ekki boðlegt í vestrænu lýðræðisríki. Niðurstöður kosninga og meðferð kjörgagna verða að vera hafin yfir allan vafa og í algjöru samræmi við þá löggjöf sem um kosningar gilda. Um það er alls ekki að ræða í NV og útilokað fyrir Alþingi Íslendinga að horfa framhjá því.

Nánar um kröfugerð

Kröfugerð er tvíþætt. Annars vegar er þess krafist að lokatölur Norðvesturkjördæmis, eins og þær voru tilkynntar laust upp úr kl. 7 að morgni sunnudagsins 26. september sbr. tilkynningu formanns yfirkjörstjórnar, Inga Tryggvasonar, verði láttnar standa sem endanlegar lokatölur úr kjördæminu. Á þeim tímapunkti voru kjörgögn í kjördæminu enn óspillt og niðurstöður talningar allra atkvæða í kjördæminu athugasemdaleusar af hálfu kjörstjórnarmanna og annarra viðstaddra. Um rökstuðning vísast til þess sem að framan er rakið.

Ef fallist er á þessa kröfu þá hefur það þær afleiðingar að Alþingi þarf að úrskurða sem ógild fimm kjörbréf nafngreindra einstaklinga og gefa út ný til þeirra frambjóðenda sem þá teljast rétt kjörnir samkvæmt fyrri lokatölum í NV. Síðari hluti kröfugerðar er því sá að Alþingi úrskurði að kjörbréf Bergþórs Ólasonar, Gísla Rafns Ólafssonar, Guðbrands Einarssonar, Jóhanns Páls Jóhannssonar og Orra Páls Jóhannssonar séu ógild og að gefin verði út ný kjörbréf af landskjörstjórn til Guðmundar Gunnarssonar, Hólmsfríðar Árnadóttur, Karls Gauta Hjaltasonar, Lenya Rúnar Talía Karim og Rósu Bjarkar Brynjólfsdóttur.


Samantekt

Það er mat undirritaðs að hvorki sé hægt að bjóða þjóðinni né Alþingi upp á að leggja til grundvallar tölur sem fengnar eru með ólögætri endurtalningu. Af hálfu landskjörstjórnar er staðfest að ef skilyrði um geymslu kjörgagna eru ekki uppfyllt er endurtalning ekki lögleg eins og kemur skýrt fram hér að framan. Útilokað er því í ljósi atvika þessa máls að Alþingi geti staðfest kjörbréf fimm tilgreindra einstaklinga sem rétt kjörinna alþingismanna á grundvelli þessarar endurtalningar.

Gagnvart umheiminum myndi orðstír Íslands sem lýðræðisríki bíða verulegan hnekki. Mikilvægast af öllu er að Íslendingar geti treyst því að hér á landi gildi lýðræðislegar leikreglur og að virt séu ákvæði kosningalaga við kjör til Alþingis.

Kópavogi, 8. október 2021.

Með virðingu,



Karl Gauti Hjaltason

kt. 310559-5559